



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

NÝSK2VN02

Vistvæn / umhverfisvæn nýsköpun

Kennarar:	Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Valgerður Jónís Guðjónsdóttir
-----------	---

Áfangalýsing:

Nemendur læra um mikilvægi skynsamlegrar umgengni um náttúru, fá þjálfun í að þróa með sér umhverfisvitund og frumkvöðlahugsun í sjálfbærni og nýtingu afurða. Áhersla er lögð á umhverfisvæna hönnun á öllum stigum vöruþróunar. Nemendur gera tilraunir með endurnýtingu og vistvæn efni sem leyst geta hefðbundin skreytingaefni af hólmi. Farið er stuttlega yfir ferlið sem fylgir fæðingu nýrrar hugmyndar, hvernig henni er fylgt eftir og hún framkvæmd í viðskiptalífinu. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, nýjar hugmyndir og eigin sköpun.

Undanfari: BLÓM1BA02 (Blómaskreytingar I bóklegt), BLÓM1VA08 (Blómaskreytingar I verklegt)

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Mikilvægi skynsamlegrar umgengni um náttúru.
- Hvað felst í hugtökunum vistvænn, umhverfisvænn og sjálfbærni.
- Nauðsyn þess að þróa með sér umhverfisvitund.
- Nauðsyn endurnýtingar og að nota umhverfisvæn efni í skreytingavinnu sé þess kostur.
- Ferlinu frá fæðingu nýrrar hugmyndar til framkvæmdar.
- Hvernig nýrri hugmynd er fylgt eftir og hvernig hún er framkvæmd í viðskiptalífinu.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Kanna og skoða hvað einkennir vistvænar/umhverfisvænar vörur.
- Velja umhverfisvæn efni í skreytingar sé þess kostur.
- Skoða efni til blómaskreytinga með opnum huga m.t.t. endurnýtingar.
- Endurnýta efni í skreytingar sem upphaflega var ætlað til annarra nota sé þess kostur.
- Fylgja eftir nýrri hugmynd frá fæðingu til framkvæmdar.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að velja vistvænt eða umhverfisvænt efni í skreytingar sé þess kostur sem metið er með kynningum, jafningjamati, rökræðum og verklagi.
- Sýna frumkvæði , sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð sem metið er með kynningum, jafningjamati, rökræðum og verklagi.
- Sýna skilning á hvernig nýjum hugmyndum er fylgt eftir í viðskiptalífinu frá fæðingu hugmynda til framkvæmdar, sem metið er með kynningum, jafningjamati, rökræðum og verklagi.

Sýna skilning á umhverfisvernd og bera umhyggju og virðingu fyrir umhverfinu, sem metið er með rökræðum.

Námsefni:

Glærur frá kennurum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
5.	26. september	Kynning á áfanganum.	
6.	3. október	Hver nemandi á að vera búin að finna hvað hann vill taka fyrir í lokaverkefni áfangans , byrjum að testa og prófa .	
7.	10. október	Unnið að lokaverkefninu, í boði er að vera uppí skóla með aðgang að okkur kennurunum eða vinna að verkefninu heima .	
8.	17. október	Nemendur kynna lokaverkefni áfangans.	

Sérreglur áfangans:

Nemendur þurfa að ná lokaeinkunn 5

Námsmat: Nemendur vinna að lokaverkefni áfangans sem metið er til lokaeinkunnar.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni áfangans.	Framkvæmd verkefnisins	60%
Skýrsla verkefnis	Gerð skýrslu og innihald	30%
Kynning	Kynning á lokaverkefninu	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Hveragerði 25. september

Valgerður Jóndís Guðjónsdóttir

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir